



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra**  
**Suðurlandsvegi 1**  
**850 Hella**

Selfossi, 28. janúar 2025  
2410034HS SHJ

**Efni: Minnivallanáma, breyting á efnistökusvæði E30, nr. 1209/2024 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu**

Þann 11. desember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá Rangárþingi ytra í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir efnistökusvæði E30, Minnivallanámu, í Rangárþingi ytra.

Fyrirhugað er að stækka efnistökusvæði E30 Minnivallanámu úr 1 ha í 2,4 ha. Ekki er um að ræða aukningu á heildarefnismagni, því talið er æskilegra að vinna efni í efri lögum berggrunnins á svæðinu vegna eiginleika efnisins í staðinn fyrir að fara dýpra eftir efni. Efnistökusvæðið er á fjarsvæði vatnsverndar og því ekki heimilt að geyma mengandi efni, s.s. olíur, í námunni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi